

# Skýrsla skógræktarfélags Selfoss um framkvæmdir í Hellisskógi árið 1992

## 1) Plöntun.

Unnið var fimm sinnum við plöntun sumarið 1992. Dagana 29. maí, 1. júní, 4. júní, 10. júní og 29. ágúst var plantað.

Þetta reyndist vera of mikið álag á hinn almenna félagsmann og erfiðlega gekk að fá fólk til starfa. 15-25 mættu í hvert skipti.

Plantað var : 4000 birkiplöntum, 1000 sitkagreniplöntum, 500 stafafuruplöntum, 3100 alaskaöspum. Allt

voru þetta fjölpottaplöntur.

Einnig var stungið niður um 3000 græðlingum af ösp og víði (margar tegundir).

Einnig var plantað pottaplöntum, 50 gráelri og 200 plöntum af ýmsum tegundum (18 tegundir). Þær plöntur fóru allar í trjásafnsreit sem byrjað var á og alfarið kostaðar af gjafafé

(JúlíusSteingrímsson).

Öspunum 3100 var öllum plantað í sérstakan

tilraunareit austan við Grímskletta enda var um að ræða 25 ný klón af alaskaösp (afkvæmi lðunnar og Keisara). Með þeim var plantað 5 samanburðarklönnum. Úlfur Óskarsson stjórnaði verkinu.



*Plantað i trjásafn*

## 2) Sáning birkifræs.

Formaður safnaði birkifræi í Þórsmörk 3. október og sáði því í tættu plógstrengi 12. október. Magnið var um 1 kg.

## 3)

## 4) Áburðardreifing.

Þann 10. júní var tilbúinn áburður borinn á eldri plöntur. Alls 300 kg. Um miðjan júní óku félagar í "sérdeild félagsmálastofnunar" (vinnuflokkur) skít að plöntum í trjásafnsreit.

## 5) Illgresiseitrun. Illgresi var eytt úr græðlinga- og trjásafnsreit 3. júlí. Notað var roundup.

## 6) Tæting.

Gísli Geirsson tætti niður plógstrengi og afmarkaði eldvarnarhólf með tættum brautum. Framkvæmt 29. september og 12. október.



7) **Ýtuvinna.**

Guðmundur á Lækjarmóti jafnaði gamla braggastæðið hjá Kristjáni en bæjarstarfsmenn gengu aldrei almennilega frá braggasæðinu þegar bragginn var rifinn á síðasta ári. Nokkrum bílhlössum af mold var einnig ekið yfir rústirnar. Framkvæmt 8. október.



*Plantað í aspartilraun. Óskar, Úlfur og Kristín.*

**8) Vegagerð.**

Steini í Geirakoti lagði um 120 m vegspotta meðfram skjólbelti á vesturkannti Hellisskógar. Einnig voru búin til bílastæði. Jafnframt því að nýtast sem akstursleið og gönguleið þá þjónar vegurinn sem eldvarnarbelti og var það megin ástæðan fyrir því að drifið var í þessari framkvæmd. Unnið var 31. ágúst til 4. september og 27. október.

f.h. Skógræktarfélag Selfoss  
Örn Óskarsson formaður